

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 198/2023**

**frá 22. september 2023**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/341 frá 15. febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir E-vítamíni sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 26/2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16 febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla nema til varps, leyfi fyrir því fyrir skrautfugla, um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 306/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 787/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1020, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2276 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 107/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2011 (leyfishafi: Kemin Europa N.V.) <sup>(2)</sup>.
- 3) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/341 fellir úr gildi reglugerð (ESB) nr. 26/2011 <sup>(3)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366 fellir úr gildi reglugerð (ESB) nr. 107/2010 <sup>(4)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/366 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2011 <sup>(5)</sup>, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 48, 16.2.2023, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 59.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 3.

Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 483. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/61):

„484. **32023 R 0341**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/341 frá 15. febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir E-vítamíni sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 26/2011 (Stjtið. ESB L 48, 16.2.2023, bls. 19).

485. **32023 R 0366**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16 febrúar 2023 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* ATCC PTA-6737 sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla nema til varps, leyfi fyrir því fyrir skrautfugla, um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 306/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 787/2013, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1020, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2276 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 107/2010 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 885/2011 (leyfishafi: Kemin Europa N.V.) (Stjtið. L 50, 17.2. 2023, bls. 59).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 80. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 306/2013):

„, breytt með:

– **32023 R 0366**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 59).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 99. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 787/2013):

„, breytt með:

– **32023 R 0366**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 50, 17.2.2023, bls. 59).“

4. Eftirfarandi er bætt við 137. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1020):

„, breytt með:

– **32023 R 0366**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 50, 17.2. 2023, bls. 59).“

5. Eftirfarandi er bætt við 234. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2276):

„, breytt með:

– **32023 R 0366**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/366 frá 16. febrúar 2023 (Stjtið. ESB L 50, 17.2. 2023, bls. 59).“

6. Texti liðar 1zzzzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2010), liðar 2zk (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 26/2011) og liðar 2zl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 885/2011) fellur brott.

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/341 og (ESB) 2023/366, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.